

1873.

26. septbr.

og laun hlutaðeigandi pósthjóna, og eru breytingar þessar þær, sem hér skulu taldar:

1. að stofnaður verði nýr brèfhirðingarstaður í Borgarfjarðarsýslu, milli Saurbæjar og Hjarðarholts, á Hesti, og skuli laun brèfhirðingarmannsins vera 7 rd. 48 sk.

2. að brèfhirðingarstaðirnir í Hvammi (í Mýrasýslu), á Þór-oddstöðum, Hjaltabakka, Höskldstöðum, Viðvík, Hjaltastöðum, Hálsi (í Fnjóskadal) og Hjarðarholti (í Dalasýslu) skuli lagðir niður.

3. að stofnaður verði póstaðgreiðslustaður á Hraungerði í Árnessýslu í stað þess sem þar var áður brèfhirðingarstaður, og skuli árleg laun póstaðgreiðslumannsins vera 15 rd.;

4. að laun póstaðgreiðslumanna á þeim stöðum, sem nú skulu taldir, verði hækkuð, eins og hér segir:

a. í Stykkishólmi frá 35 rd. til 40 rd.

b. á Akureyri — 35 — — 40 —

c. á Miklabæ — 15 — — 20 —

d. í Hjarðarholti — 15 — — 25 —

5. að póstaðgreiðslustaðurinn á Velli verði fluttur þaðan til Breiðabólstaðar í Fljótshlíð, og póstaðgreiðslustaðurinn á Grenjaðarstað til Helgastaða, og

6. að nýr brèfhirðingarstaður verði stofnaður á Hvoli í Saurbæjarhrepp í Dalasýslu, í stað þess sem áður var brèfhirðingarstaður í Hjarðarholti í tæðri sýslu, með 7 rd. 48 sk. launum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörð þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungur yðar, og mælumst vèr til, að þér annist um, að þetta verði birt almenningi á Íslandi.

21. oktbr.

82. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um yfirgang frakkneskra fiskimanna.

Af meðfylgjandi tveimur bræfum með fylgiskjölum frá lands-

1873.

21. oktbr.

höfðingjanum yfir Íslandi mun útanríkisstjórnin sjá, að 45 frakknesk fiskiskip, sem tilgreind eru á skrá þeirri, sem fylgir með, hafi á tímabilinu frá 25. apríl til 17 júlí þ. á. siglt uppá ýmsa firði í Suðurmúlasýslu í norður- og austurumdæmi Íslands, án þess greiddt hafi verið gjald það til lögreglustjórans, sem fyrir er mælt um í tilsk. um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl., 12. febr. 1872, 3. gr. fyrir að skoða og rita á skjöl skipanna, en skipverjar hafa borið fyrir, að þeir væri felausir, og á einu skipinu hafa þeir af þessari ástæðu hliðrað sér hjá að borga íslenskum bónda 127 fránka fyrir aðgjörð á stýrinu; meðfylgjandi skjöl sýna enn fremur, að danska herskipið Fylla hitti frakknesku fiskiskipin *Emilie*, *Euterpe* og *Camille* fyrir utan Hæðinsfjörð á Norðurlandi, og bentu allt til þess, að skipverjar hefði í frammi ólöglega fiskiveiði, enda gekkst einn skipstjórinn við að svo væri.

Einsog sjá má hafa þeir, skipstjórnarmaðurinn á Fylla og foringinn fyrir hinum frakknesku herskipum, sem hafa stöðvar við Ísland, skrifast á um hvorttveggja málið, og hefir frakkneski herskipaforinginn sent skýrslu um þau bæði stjórninni á Frakklandi, en lýst því jafnframt yfir, að hann gæti ekki gjört neitt við hina ólöglegu veiði, sem fram hafði farið.

Samkvæmt beiðni landshöfðingjans mælumst vör því til, að útanríkisstjórnin leiti upplýsinga um framkvæmdir frakknesku sjóliðsstjórnarinnar útaf fyrri atvikiðinu, og gjöri ráðstafanir til, að fyrnefnd gjöld verði greidd; þar að auki mælumst vör til, að útanríkisstjórnin láti í tæð aðstoð sína til þess, að þeir skipstjórnir *Clacysen* og skipstjórinn *Messer*, sem hafa brotið gegn 1. gr. í fyrnefndri tilskipun, verði dæmdir í sektir eptir uppástungu skipstjórnarmannsins á Fylla, þeir *Clacysen* í 100 fránka sekt hvor, og *Messer* í 75 fránka sekt.